

ÚTHLUTUN UPPBYGGINGARSJÓÐS NORÐURLANDS EYSTRA

2022



SÓKNARÁÆTLUN
NORÐURLANDS EYSTRA



SSNE

Samtök sveitarfélaga & atvinnuþróunar
á Norðurlandi eystra

MEÐ HAMINGJUÓSKUM

Það er afar ánægjulegt að skoða listann yfir þau gróskumiklu verkefni sem úthlutunarnefnd hefur valið árið 2022 úr miklum fjölda umsókna í Uppbyggingarsjóð. Verkefnin eru eins fjölbreytt og þau eru mörg og eiga það sameiginlegt að auðga mannlíf, atvinnusköpun og nýsköpun á svæðinu.

Uppbyggingarsjóður er samkeppnissjóður sem hefur það hlutverk að styrkja verkefni sem falla að Sóknaráætlun okkar hér á Norðurlandi eystra. Hugmyndafræðin er sú að með þessu móti erum við að færa ákvarðanir og fjármuni heim í hérað. Sjóðurinn er því mikilvægt verkfæri SSNE til að vinna að þeim markmiðum sem sett eru fram í Sóknaráætlun en hún byggir á þremur megin stoðum; atvinnuþróun og nýsköpun, menningu og umhverfismálum.

Sóknaráætlanir landshluta eru í raun nýsköpun í stjórnsýslu og eru sameiginlegt verkefni ríkis og sveitarfélaga sem ýtir undir markvissara samtal stjórnsýslustiga. Markmiðið er að auka samkeppnishæfni, treysta stoðir menningar og stuðla að jákvæðri samfélags- og byggðaþróun.

Landshlutasamtök sveitarfélaga annast framkvæmd sóknaráætlana sem byggir á fimm ára samningum við ríkið. Ásamt svæðisbundnum áherslum taka þær mið af annarri opinberri stefnumótun, svo sem byggðaáætlun, loftslagsstefnu og heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Þær eru unnar í opnu samráðsferli og stefnumörkun byggist á þekkingu heimafólks.

Ég hvet ykkur til að kynna ykkur Sóknaráætlun Norðurlands eystra en hana má finna inn á SSNE.IS, þar er jafnframt að finna möguleikann á að skrá sig í samráðsvettvang Sóknaráætlunar, en í þeim hópi gefst tækifæri til að rýna áherslur og hafa áhrif á þær.

Í ár er áttunda árið sem við veitum styrki úr Uppbyggingarsjóði Norðurlands eystra. Í lok hvers árs er uppgjör á verkefnum sem hlotið hafa styrk það árið. Það er ákaflega ánægjulegt og hvetjandi að fylgjast með okkar öflugra fólki; hugmyndaauðgi, frumkvöðlahugsun og atorkusemi – að sjóðurinn geti aðstoðað fólk við að fylgja verkefnum sínum úr hlaði, samfélaginu öllu til heilla.

Einnig langar mig til að minnast á mitt góða starfsfólk. Ráðgjafar SSNE eru með fasta viðveru á Akureyri, Bakkafirði, Dalvík, Grímsey, Húsavík, Ólafsfirði og Raufarhöfn. Allt árið veita þau ráðgjöf til fólks í atvinnurekstri, á sviði nýsköpunar og menningar sem og ferðamála. Þegar uppbyggingarsjóðsvertíðin hefst hvert haust, boða þau til heimafundar á svæðinu okkar, halda rafrænar vinnustofur og aðstoða mögulega umsækjendur að varða leið sína að settu marki.

Ég hvet ykkur eindregið til að leita til SSNE með verkefni ykkar og nýta þann stuðning sem atvinnuráðgjafar okkar veita. Ég hvet ykkur jafnframt til að fylgjast vel með miðlunum okkar; heimasíðu SSNE og gerast þar áskrifendur að mánaðarlegu fréttabréfi okkar, Facebook og Instagram og auðvitað að sækja viðburði styrkhafa ársins 2022.

Að lokum óska ég styrkhöfum innilega til hamingju!

EYÞÓR BJÖRNSSON,
Framkvæmdastjóri SSNE



SÓKNARÁÆTLUN
NORÐURLANDS EYSTRÁ

ÚTHLUTUNARNEFND OG FAGRÁÐ

Hlutverk úthlutunarnefndarinnar er að velja þau verkefni sem styrkt verða, á grundvelli faglegs mats og í takt við markmið Sóknaráætlunar Norðurlands eystra. Í úthlutunarnefnd sitja formenn fagráða SSNE auk þriggja annarra sem skipaðir eru af SSNE.

FAGRÁÐ ATVINNUÞRÓUNAR OG NÝSKÖPUNAR

Eva Hlín Dereksdóttir, Akureyri, formaður fagráðs
Aðalsteinn Árni Baldursson, Húsavík
Sigríður Róbertsdóttir, Eyjafjarðarsveit
Thomas Helmig, Öxarfirði
Eiríkur H. Hauksson, Svalbarðsströnd
Sigríður Vigdís Vigfúsdóttir, Siglufirði
Guðrún Sigríður Tryggvadóttir, Svartárkoti

FAGRÁÐ MENNINGAR

Hulda Sif Hermannsdóttir, Akureyri, formaður fagráðs
Aníta Elefsen, Fjallabyggð
Arnþrúður Dagsdóttir, Skútustaðahreppur
Friðrik Ómar Hjörleifsson, Akureyri
Guðni Bragason, Húsavík
Jan Axel Klitgaard, Húsavík
Þuríður Helga Kristjánsdóttir, Akureyri

FAGRÁÐ UMHVERFISMÁLA

Ottó Elíasson, Akureyri, formaður fagráðs
Guðmundur Sigurðsson, Akureyri
Sveinn Margeirsson, Skútustaðahreppur
Rut Jónsdóttir, Akureyri
Salbjörg Matthíasdóttir, Þingeyjarsveit

ÚTHLUTUNARNEFND 2020-2022

Katrín Sigurjónsdóttir, Dalvíkurbyggð, formaður
Eva Hlín Dereksdóttir, formaður fagráðs atvinnuþróunar og nýsköpunar
Hulda Sif Hermannsdóttir, formaður fagráðs menningar
Ottó Elíasson, formaður fagráðs umhverfismála
Guðni Bragason
Thomas Helmig

FRÁ FORMANNI ÚTHLUTUNARNEFNDAR

Kæru styrkhafar og íbúar Norðurlands eystra,

Úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Norðurlands eystra hefur lokið við að yfirfara umsóknir um styrki í sjóðinn og velja þau verkefni, á grundvelli faglegs mats, sem styrkt verða í samræmi við Sóknaráætlun Norðurlands eystra. Við úthlutun styrkja er gætt jafnræðis, hlutlægni, gagnsæis og samkeppnissjónarmiða. Nefndin fylgir verklagsreglum við úthlutun og eru þær reglur aðgengilegar á heimasíðu SSNE. Í ár leit nefndin sérstaklega til umhverfisþáttar í verkefnum, í samræmi við áherslur Sóknaráætlunar um umhverfismál.

Auglýst var eftir umsóknum í október og var lokafrestur skila þann 10. nóvember síðastliðinn. Alls bárust 158 umsóknir í sjóðinn sem skiptust þannig að 69 umsóknir voru í flokki atvinnuþróunar og nýsköpunar, 72 í flokki menningar og 17 umsóknir um stofn- og rekstrarstyrki. Í heild voru umsóknir um rúmlega 341 milljón króna. Til úthlutunar að þessu sinni voru 75 milljónir króna.

Úthlutunarnefndin samþykkti að úthluta tæplega 30 milljónum í 27 atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni, tæpum 32 milljónum í 42 menningarverkefni og rúmum 12 milljónum í 11 stofn- og rekstrarstyrki.

Það var mjög fjölbreytt flóra af umsóknum sem kom inn og mikill metnaður sem skein í gegn, sem er mjög lofandi og vottur um drifkraft og dugnað á starfssvæði SSNE. Með aðeins 75 milljónir í höndunum var ekki hægt að styrkja nema hluta umsókna og margar þeirra ekki nema að hluta til um þá upphæð sem sótt var um. En það er von úthlutunarnefndar að styrkirnir komi að góðum notum og geri það að verkum að hægt verði að ýta verkefnum vel úr vör. Að þeir hafi jákvæð áhrif hjá styrkþegum og auðgi atvinnu- og menningarlíf í sveitarfélögum í kring.

Ég þakka nefndarmönnum fyrir mjög gott samstarf og einhug í úthlutunarferlinu. Þá vil ég koma á framfæri kærum þökkum til þess frábæra starfsfólks SSNE sem aðstoðaði nefndina og hélt utan um tölfræði og gögn í kringum vinnuna alla.

Til hamingju kæru styrkhafar, ég hlakka til að fylgjast með framgangi verkefna ykkar.

KATRÍN SIGURJÓNSDÓTTIR,
Formaður úthlutunarnefndar



SÓKNARÁÆTLUN
NORÐURLANDS EYSTRA

MIKILVÆGI UPPBYGGINGARSJÓÐS NORÐURLANDS EYSTRA

„Það hefur verið gott að leita til ráðgjafa menningarmála hjá SSNE, bæði hvað varðar umsóknir í sjóði SSNE, en líka varðandi áframhaldandi þróun á verkefnum. Það skiptir sköpum að hafa líka bakland hjá SSNE í þróun verkefna og eins í fjármögnun þeirra. Samræðurnar eru veigamiklar og fjárstuðningur SSNE skiptir sköpum. Kófið hefur kennt okkur að verkefni okkar þurfa að vera aðlögunarhæf og tilbúin að taka jafnvel hröðum breytingum í aðlögun að umbreytingum í umhverfinu. Auk þess sem þau í sjálfu sér eru kvik og í þróun. Slík lifandi verkefni þurfa um leið að vera jarðbundin og eiga gott bakland. Við sem berum ábyrgð á verkefnum af þessu tagi stöndum auðvitað í hringiðunni. Það skiptir hins vegar sköpum að búa að bakhjörllum eins og SSNE. Það skapast ákveðin samkennd og stundum samtal og samvinna milli okkar styrkþega SSNE og er það allt mikils virði. Sem styrkþegi uppbyggingarsjóðs er maður hluti af frjóum hópi raunsærra framkvæmdaðila, gott að finna þar líka þann kraft sem býr í fólkinu hérna og frábært að upplifa þann fjölbreytileika verkefna sem fólk er að vinna að.”

Kristín Þóra Kjartansdóttir, Pastel ritröð



„Stuðningur frá Uppbyggingarsjóði hefur gert okkur kleift að framkvæma verkefnið með þeim hætti sem við óskuðum okkur, að koma með Allra veðra von á Norðarland eystra.”

Eyrún Ævarsdóttir, Hringleikur


„Ég sá að það var verið að auglýsa styrki úr Uppbyggingarsjóði og við ákváðum að prófa að sækja um. Það fannst mér mjög gott, því þá fórum við að setja hugmyndina meira niður á blað, gera viðskiptaáætlun og fleira. Ráðgjafi SSNE hjálpaði okkur töluvert að fylla þetta út og hvatti okkur áfram. Þegar við fengum styrkinn var það spark í rassinn til að hrinda okkur í framkvæmd en ekki láta hugmyndina renna út í sandinn. Mér hefði vaxið þetta í augu að gera þetta ein og gott að hafa aðgang að ráðgjafa.”

Elín Kristbjörg Sigurðardóttir, H É R N A – staðbundin matvara



TÖLFRÆÐI UMSÓKNA

FJÖLDI UMSÓKNA EFTIR TEGUND



Sérstök áhersla var lögð á umhverfispátt í yfirferð umsókna í ár en sótt var um verkefnastyrki á sviði menningar, atvinnuþróunar og nýsköpunar sem og stofn- og rekstrarstyrki til stofnana á sviði menningar, samtals að upphæð 341.323.458 kr.

Alls bárust 158 umsóknir.

Umsóknir um stofn- og rekstrarstyrki á sviði menningar voru 17. Heildarupphæð sem sótt var um var 40.151.570 kr., fyrir verkefni sem voru að heildarkostnaði metin á 130.375.940 kr.

Umsóknir um verkefnastyrki á sviði menningar voru 72. Sótt var um 98.107.342kr. fyrir verkefni sem voru að heildarkostnaði metin á 248.185.393kr.


Umsóknir um verkefnastyrki á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar voru 69. Sótt var um 203.064.546kr. fyrir verkefni sem voru að heildarkostnaði metin á 663.528.891kr.

Alls var sótt um 341.323.458 kr. fyrir 158 verkefni sem voru að heildarkostnaði metin 1.042.090.224kr.

TÖLFRÆÐI UMSÓKNA

FJÖLDI STYRKJA EFTIR TEGUND

Samtals var úthlutað 75 m.kr.



Til úthlutunar úr Uppbyggingarsjóði NE fyrir árið 2022 voru **samtals 75 m.kr.**

Alls voru 80 verkefni styrkt af 158 umsóknum, sem er samsvarar 50,6% árangurshlutfalli.

11 umsóknir af 17 um stofn- og rekstrarstyrki hlutu brautargengi í ár sem samsvarar 65% árangurshlutfalli. Meðaltal þess hlutfalls sem styrkhafar hlutu, af þeirri fjárhæð sem þeir sóttu um, var 38%. Alls var styrkupphæð 12.250.000 kr.

42 umsóknir um verkefnastyrki á sviði menningar hlutu brautargengi. Árangurshlutfall umsækjenda í þennan flokk var 58%, eða 42 af 72 umsóknum. Meðaltal þess hlutfalls sem styrkhafar hlutu, af þeirri fjárhæð sem þeir sóttu um, var 58%. Alls var styrkupphæð 32.313.000 kr.

27 umsóknir um verkefnastyrki á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar hlutu brautargengi. Árangurshlutfall umsækjenda í þennan flokk var 39%, eða 27 af 69 umsóknum. Meðaltal þess hlutfalls sem styrkhafar hlutu, af þeirri fjárhæð sem þeir sóttu um, var 36%. Alls var styrkupphæð 30.437.000 kr.

STYRKHAFAR UPPBYGGINGARSJÓÐS NORÐURLANDS EYSTRA 2022

ATVINNUÞRÓUN OG NÝSKÖPUN



UMSÆKJANDI: AMTMANNSHÚSIÐ EHF.

VERKEFNI - EINSTÖK FJALLASÝN!

UPPHÆÐ STYRKS 1.055.000 KR

Hlíðarfjall er einstakt útvistarsvæði sem býður upp á afþreyingarmöguleika allan ársins hring fyrir heimamenn og gesti. Tími er kominn til að byggja þar flotta aðstöðu, viðbót við flóru athyglisverðra staða til að heimsækja og nýta sér í ferðapjónustu svæðisins. Verkefnið gengur út á að gera fýsileikakönnun á slíkri byggingu og heildarfjármögnun byggingarinnar og rekstursins ef af verður.

UMSÆKJANDI: ARCTIC THERAPEUTICS EHF.

VERKEFNI - ÞRÓUN Á LYFI VIÐ HEILAÆÐAMÝLILDISSJÚKDÓMUM (CAA) & ALZHEIMER

UPPHÆÐ STYRKS 3.500.000 KR

Cerebral amyloid angiopathy (CAA) einkennist af uppsöfnun og útfellingu mýlilda í heilaæðum sjúklinga sem veldur aukinni áhættu á lífshættulegum heilablóðföllum, heilahrörnun og heilabilun. Arctic Therapeutics hefur verið að þróa nýtt lyf, AT-001.1, við arfgengri heilablæðingu og góðar líkur á góðri virkni hjá CAA skyldum sjúkdómum og jafnvel Alzheimers. Meginmarkmið verkefnisins er að hefja fasa-IIA klíníska rannsókn á lyfinu í Evrópu (byrja í Hollandi) og í framhaldi í Bandaríkjunum og víðar.

UMSÆKJANDI: BORGAR ÞÓRARINSSON

VERKEFNI - BRÚAR FJÓSIÐ, TÓNLISTAR-OG MENNINGARMÍÐSTÖÐ

UPPHÆÐ STYRKS 1.250.000 KR

Brúar-fjósið verður með góðan sal og búnað fyrir allskyns viðburði, fundi, hljóðupptökur, gerð margmiðlunarefnis og fleira. Salurinn verður hannaður með það í huga að hljóðvistin henti vel kórum, hljómsveitum og áslátturshljóðfærum en auðveldlega verði hægt að breyta henni fyrir önnur tilefni. Það hefur lengi verið draumur þeirra Brúar hjóna að skapa fyrsta flokks aðstöðu til listsköpunar hvaðan af úr heiminum, til að vinna að fjölbreyttum verkefnum á frábærum stað í kyrrðinni í nálægð við náttúruna. Þekkingin og færnin er til staðar og hafa þau nú þegar fjármagnað sjálfan tækjakostinn fyrir hljóðverið. Með góðu samstarfi við gistiþjónustuna í nánasta umhverfi verða einnig góðar aðstæður til að koma og dvelja á svæðinu í skemmri eða lengri tíma.

UMSÆKJANDI: EGILL ANFINNSSON HEINESEN

VERKEFNI - REIÐHJÓLASKRÁ.IS

UPPHÆÐ STYRKS 500.000 KR

Reiðhjólaskrá.is er vefur sem heldur utan um skráningu allra hjóla. Verkefnið miðar að því að sporna gegn stuldi á hjólum hverskonar sem og að halda úti eigandaskrá og bjóða upp á eigandaskipti hjóla. Einskonar bifreiðaskrá fyrir öll hjól. Vefurinn þjónar einnig þeim tilgangi að geta komið hjólum til eigenda sinna með öruggum hætti finnst þau á víðavangi.

UMSÆKJANDI: EKTAFISKUR EHF.

VERKEFNI - EKTA SALSTEINN FYRIR BÚFÉ
UPPHÆÐ STYRKS 500.000 KR

Eigendur Ektafisks eru af þriðju og fjórðu kynsslóð saltfisksmanna á Hauganesi og fimmta kynsslóðin er löngu byrjuð að vinna við fyrirtækið. Gegnum árin hefur mest öllu afsalti sem fellur til við saltfiskframleiðsluna verið hent í sjóinn. Þar sem óásættanlegt er að henda verðmætum sem hægt er að fullnýta, er ætlunin að framleiða bætiefnarið saltstein fyrir búfé með fiskimjöli, sjávarvaski, selen, melassa og vítamínum.

UMSÆKJANDI: ELSA GUÐRÚN JÓNSDÓTTIR

VERKEFNI - FJARÐARGUFAN
UPPHÆÐ STYRKS 450.000 KR

Fjarðargufan er fljótandi gufa sem hægt verður að nota allan ársins hring og fyrirhugað er að setja upp í náttúruparadís á Ólafsfjarðarvatni. Fjarðargufan yrði fyrsta fljótandi gufan á Íslandi. Markmið með verkefninu er að skapa eitthvað nýtt og eftirsóknarvert, og gufan myndi skapa mikla sérstöðu fyrir bæjarfélagið. Verkefnið er á byrjunarreit og felst umsókn þessi um styrki, við undirbúningsvinnu, það er viðskiptaáætlun, hönnun á gufu og að útbúa vefsíðu.

UMSÆKJANDI: ERLA DILJÁ SÆMUNDARDÓTTIR

VERKEFNI - PLÖNTUMÓT - LAUSNAMÓT MEÐ ÁGENGUM PLÖNTUM
UPPHÆÐ STYRKS 1.250.000 KR

Plöntumót er lausnamót (e. hackathon) og fræðsluvettvangur. Á Plöntumóti býðst fólki að fræðast og keppast um lausnir á sviði ágengra plantna. Leitast er eftir að skapa umræðu og leita lausna á því hvernig mögulegt er að koma í veg fyrir útbreiðslu ágengra tegunda sem og hvernig mögulegt er að hagnýta tegundirnar til vöruþróunar. Á meðan lausnamótinu stendur geta þátttakendur leitað ráða til fjölbreyttra ráðgjafa. Samhliða lausnamótinu býðst almenningi að sækja fyrirlestra, bæði í raun- og netheimum.

UMSÆKJANDI: EVA BIRGISDÓTTIR

VERKEFNI - HNITAÐ UM EYFIRSKAR SLÓÐIR
UPPHÆÐ STYRKS 700.000 KR

Ferðamálastofa vinnur að miðlægum gagnagrunni fyrir göngu- og hjólaleiðir, þar sem miðla á samræmdum og áreiðanlegum upplýsingum um leiðir sem hvetja til ferðalaga, útivistar og náttúruskoðunar um allt Ísland. Þetta verkefni felst í því að safna GPS-hnitum á um 80 göngu- og hjólaleiðum á Eyjafjarðarsvæðinu og gera aðgengilega í þessum grunni með því að nota þá staðla sem krafist er og tryggja þannig sýnileika leiðanna og um leið fjölbreytni og styrk svæðisins á þessu sviði.

UMSÆKJANDI: GREEN FUEL EHF.

VERKEFNI -KOLEFNISFRÍTT ELDSNEYTI ÚR VISTVÆNNI ORKU
UPPHÆÐ STYRKS 3.500.000 KR

Nýsköpunaryrirtækið Green Fuel var stofnað til að þróa vistvæna framleiðslu á kolefnisfríu eldsneyti (vetni), sem selt verður bæði á innlendum og erlendum mörkuðum. Fyrirtækið er stofnað af Íslendingum, Hollendingum og Dönum með bakgrunn í þróun orkulausna og vistænni tækni. Green Fuel hefur gert samkomulag við Norðurþing um að byggja framleiðsluver á iðnaðarsvæðinu á Bakka við Húsavík, og nýta vannýtta varma- og auðlindastrauma og raforku frá jarhitasvæðum fyrir framleiðslu á vistvænu vetni.

UMSÆKJANDI: GUÐRÍÐUR BALDVINSDÓTTIR

VERKEFNI - GRÆNLAMB - LAMBAKJÖT AF ALGRÓNU LANDI
UPPHÆÐ STYRKS 1.350.000 KR

Grænlamb er lambakjöt framleitt af sauðfjárbændum í Kelduhverfi á víðáttumiklu algrónu mó- og kjarrlendi og stendur neytendum til boða frá og með haustinu 2023. Grænlamb byggir á vinnslu nýjustu gróðurfarsupplýsinga með hjálp sérfræðinga á sviði gróðurfars, umhverfismála og kolefnisútreikninga sem staðfesta sjálfbæra lambakjötsframleiðslu í Kelduhverfi.

UMSÆKJANDI: HRÍSEY SEAFOOD EHF.

VERKEFNI - VERÐMÆTASKÖPUN HLIÐARAFURÐA HRÍSEY SEAFOOD
UPPHÆÐ STYRKS 1.000.000 KR

Eftir brunann á fiskvinnslu félagsins í Hrísey í maí 2020, sem lamaði alla fiskvinnslu félagsins, hefur félagið hafið starfsemi að nýju í eygni eftir mikið átak. Forsvarsmenn félagsins hafa leitað leiða til að auka enn starfsemina og horfa nú til frekari fullvinnslu á því hráefni sem félagið hefur til ráðstöfunar. Starfsmenn Hrísey Seafood búa yfir áratuga reynslu í vöruþróun sjávarafurða og munu í samstarfi við Matís vinna frekari útfærslu á hliðarafurðum sem falla til í starfseminni.

UMSÆKJANDI: INGÓLFUR SIGFÚSSON

VERKEFNI - FJARVINNUSETUR HRÍSEYJAR
UPPHÆÐ STYRKS 500.000 KR

Með tilkomu ljósleiðaratengingar í Hrísey aukast möguleikar á því að stunda fjarvinnu eða fjarnám úr eyjunni fögru. Fjarvinnusetur Hríseyjar mun bjóða upp á aðstöðu fyrir þá sem stunda fjarvinnu eða fjarnám, bæði á heilsársgrundvelli eða til skemmri tíma. Verkefnið snýr að því að stofna félag eða fyrirtæki um aðstöðuna ásamt markaðssetningu með það að markmiði að fleiri geti unnið fjarvinnu eða stundað fjarnám og haft búsetu í Hrísey.

UMSÆKJANDI: KOLBEINN ÓTTARSSON PROPPÉ

VERKEFNI - ORKUSKIPTI SMÁBÁTA - FÝSILEIKAKÖNNUN
UPPHÆÐ STYRKS 1.250.000 KR

Verkefninu er ætlað að kanna fýsileika þess að hraða innleiðingu orkuskipta á hafi, út frá tæknilegum og hönnunarlegum forsendum ásamt því að bera saman mismunandi hreina orkugjafa. Miðað er við smærri báta og verður horft til þrennskonar notkunarmynsturs: smærri fiskibáatar sem stunda dagróðra, þjónustubáatar fyrir fiskeldi og báatar sem sinna ævintýra- og ferðapjónustu. Dregin verður saman þekking og reynsla af tækninýjungum í þessum geira víða um heim, ekki síst af Norðurlöndum.

UMSÆKJANDI: LÓN 2 EHF

VERKEFNI - MÓRÚNIR - GESTASTOFA
UPPHÆÐ STYRKS 1.000.000 KR

Í gestastofu Mórúna í Lóni í Kelduhverfi verður tekið á móti gestum og gangandi í opinni jurtalitunarstofu þar sem þeir geta fræðst um íslenska ull, litun á henni með jurtalitun ásamt sauðfjárrækt á við heimskautsbaug. Ilmurinn af jurtum mun liggja í loftinu og hægt verður að gægjast í potta þar sem ullarbandið liggur í litunarlegi af til dæmis beitiylngi, barrnálum eða lúpínu. Eingöngu íslensk ull verður til sölu í gestastofunni og aðrar spennandi kindarlegar vörur.

UMSÆKJANDI: MARÍA DÍS ÓLAFSDÓTTIR

VERKEFNI - ÞRÓUN Á ÞÆFINGARLAUSNUM ÚR VERÐMINNI ULLARFLOKKUM
UPPHÆÐ STYRKS 915.000 KR

Íslenska ullin er flokkuð í nokkra gæðaflokka og eru þeir verðminni sendir óunnir úr landi. Verkefnið mun nýta annars flokks ull og þróa úr henni kembu. Gæði kembunnar verða mæld og notagildi hennar metið. Í framhaldinu verður kembangan notuð til að þróa stoðefni sem nýtist í garða og lystigarða. Stoðefnið mun vera nokkur ár að brotna niður og styður við jarðveginn á meðan svo hægt sé að stunda garðyrkju í bratta og í ójöfnum með 0-60° halla meðan plöntur binda jarðveginn.

UMSÆKJANDI: MAY FLOR PEREZ CAJES

VERKEFNI - GRIMSEY DESIGN
UPPHÆÐ STYRKS 385.000 KR

Grimsey Design er hönnun með svartfuglsegg í forgrunni. Svartfuglsegg eru sótt í hreiðrin í maí og innihaldið tekið úr. Þá borar hönnuðurinn útlínur Grímseyjar og Íslands í egginn. Því næst sækir hann rekavið í fjörur Grímseyjar sem verður að standi fyrir eggjið. Í standinum er batterísljós sem lýsa upp eggjið að innan og í gegnum útlínurnar. Innblástur er fenginn úr náttúru Grímseyjar og einungis náttúrulegur efniviður úr eyjunni notaður. Skurnina sem verður eftir nýtir hönnuðurinn til að búa minjagripa.

UMSÆKJANDI: MÝVATNSSTOFA EHF.

VERKEFNI - TASTE MÝVATN
UPPHÆÐ STYRKS 700.000 KR

Mývatnsstofa hefur búið til matarstíg fyrir Þingeyjarsveit og Skútustaðahrepp undir formerkjum Taste Mývatn. Mývatnsstofa ætlar sér í næsta verkefnahluta Taste Mývatn, í samvinnu við veitingastaði, að tileinka einn rétt á hverjum veitingastað Taste Mývatn. Þróa á matartengdar upplifanir fyrir ferðamenn í samvinnu við heimamenn og gera uppskriftir að hefðbundnum réttum frá svæðinu aðgengilegar ferðamönnum og áhugasömum.

UMSÆKJANDI: NÆGTABRUNNUR NÁTTÚRUNNAR EHF.

VERKEFNI - NÆGTABRUNNUR NÁTTÚRUNNAR
UPPHÆÐ STYRKS 1.500.000 KR

Nægtabrunnur náttúrunnar er nýsköpunarverkefni sem hefur að markmiði að þróa og hefja framleiðslu nýrra drykkjarvara, grasóls, rabararafreyðivíns og rabarasiders í Bárðardal, úr staðbundnu hráefni. Í verkefninu er byggt á aldargömlum hefðum og ríkri þekkingu á hráefnum og áhersla lögð á hreinleika. Verkefnið er þverfaglegt samstarfsverkefni frumkvöðla á fjórum býlum í Bárðardal, fræðimanna og hönnuða. Það nýtir menningararf, þekkingu og náttúruauð til atvinnuuppbyggingar á jaðarsvæði.

UMSÆKJANDI: PRIMEX EHF.

VERKEFNI - UMHVERFISVÆN ÞRÓUN HÁGÆÐA LÍFVIRKRA FÆÐUBÓTAREFNA
UPPHÆÐ STYRKS 2.000.000 KR

Þetta vöruþróunarverkefni mun meta möguleika og verðmæti í frænnislisvökva kítin framleiðslunnar og kanna notkun cryotækni til að þurrka og formúlera fjölþætt fæðubótarefni. Hluti af verkefninu er að kanna notkun kítósans til að þetta næringarefni úr frænnislisvökvanum og þannig auðvelda söfnun og varðveislu þeirra, og síðan framleiða fjölþætt fæðubótarefni. Þessar nýjar afurðir verða rannsakaðar með efna- og lífvirknimælingum hjá Háskólanum á Akureyri (BSc líftækni-verkefni).

UMSÆKJANDI: RADOSLAW BOLESŁAW DUDZIAK

VERKEFNI - ÞRÓUN NÁMSEFNIS Í ÍSLENSKU FYRIR BÖRN AF PÓLSKUM UPPRUNA
UPPHÆÐ STYRKS 237.500 KR

Í janúar 2021 byrjaði Radosław B. Dudziak að búa til námsefni í íslensku fyrir pólskumælandi einstaklinga í gegnum vefsíðuna sína www.meritum-online.com. Í júní 2021 opnaði hann frían aðgang að öllu námsefni og byrjaði að þróa frekara efni fyrir pólskumælandi börn á grunnskólaaldri. Verkefnið snýst um að bjóða öllum pólskumælandi grunnskólabörnum fría íslenskukennslu í gegnum meritum vefsíðuna. Um er að ræða, fyrirlestra, próf og útskýringar á hugtökum í stærðfræði, íslensku og náttúrufræði.

UMSÆKJANDI: RHA - RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ HÁSKÓLANS Á AKUREYRI

VERKEFNI - VÍSINDASKÓLI UNGA FÓLKSINS 2022
UPPHÆÐ STYRKS 500.000 KR

Vísindaskóli unga fólksins er fyrir börn á aldrinum 11-13 ára. Hann hefur verið starfræktur síðan 2015 og er gert ráð fyrir að hann verði árlegur viðburður til framtíðar. Alls um 80 börn sækja skólann árlega og hafa viðbrögð þeirra farið fram úr björtustu vonum. Stór hópur barnanna hefur tekið þátt í skólanum öll þau þrjú ár sem þeim stendur til boða að sækja skólann. Undirbúningur fyrir skólaárið 2022 er þegar hafinn og eins og áður verður boðið upp á 5 ný og spennandi námskeið.

UMSÆKJANDI: SÓLSKÓGAR EHF.

VERKEFNI - TÆKNIVÆÐING SKÓGARPLÖNTUUPPELDIS
UPPHÆÐ STYRKS 900.000 KR

Verkefninu er ætlað að undirbúa tæknivæðingu í skógarplönturæktun. Búnaður verður settur upp til að stjórna daglengd á plöntum og þar með vexti þeirra. Einnig verða gerðar tilraunir með smáplöntur til að finna út ræktunarferla sem henta nýjum tæknibúnaði sem umplantar smáplöntum í bakka. Borin verður saman ræktun undir led ljósum í lokuðu rými og ræktun í gróðurhúsum og áhrif aðstæðna við framhaldsræktun utandyra. Einnig verður unnið að byggingu skemmu/aðstöðu fyrir vélar og vinnuaðstöðu.

UMSÆKJANDI: SVARTÁRKOTSBÚIÐ EHF.

VERKEFNI - LÍFVARMÍ-JARÐBATTERÍ OG HAUGHITI
UPPHÆÐ STYRKS 1.500.000 KR

Lífvarmi er nýsköpunarverkefni sem gengur út á að þróa einfaldar og ódýrar lausnir við upphitun á gróðurhúsum á köldu svæðum með svokölluðu jarðbatterí og með virkjun varma sem myndast í niðurbroti á lífrænu efni í þar til gerðum þróum. Þessar aðferðir verða prófaðar í Svartárkoti og V-Stokkseyrarseli og virkni þeirra og hagkvæmni verða metnar miðað við íslenskar aðstæður. Verkefninu er ætlað að búa til sjálfbærar lausnir fyrir landbúnað sem lið í átt að hringrásarhagkerfi og bættri afkomu.

UMSÆKJANDI: ÞEKKINGARNET ÞINGEYINGA

VERKEFNI - STEM HÚSAVÍK: FRÆÐSLUNET MEÐ ÁHERSLU Á SAMFÉLAGSPÁTTTÖKU
UPPHÆÐ STYRKS 1.500.000 KR

STEM HÚSAVÍK snýst um að koma á fót svæðisbundnu, samfélagsmiðuðu STEM fræðsluneti á Húsavík, sem tilraunaverkefni fyrir Norðausturland. Fræðslunetið er hýst af Þekkingarneti Þingeyinga og er net hagaðila, s.s. skóla, rannsóknastofnana; menningarstofnana; félagasamtaka; opinberra aðila; atvinnulífs; listafólks og annarra sem áhuga hafa á uppbyggingu STEM fræðslu á svæðinu. Hlutverk netsins er m.a. að greina styrkleika og hindranir og styðja samfélög til sjálfbærni gegnum STEM fræðslu.

UMSÆKJANDI: NORTH EAST TRAVEL EHF.

VERKEFNI - NORTH EAST BRUGGHÚS
UPPHÆÐ STYRKS 1.000.000 KR

North East Brugghús verður bjór bruggun samhliða veitingastað og ferðaþjónustu á Bakkafirði, sem gerir ferðamönnum sem og heimamönnum kleift að sitja á North East Restaurant með staðbundinn ferskan mat og heimabruggaðan bjór, nú og njóta útsýnisins yfir Langanesið, hvalina eða norðurljósin á ný uppgerðum hafnartanga. Stefnan er sett á dreifingu á norð austur hornið fyrst, en allt landið innan þriggja ára.

UMSÆKJANDI: ÞÚFUKOLLUR EHF.

VERKEFNI - SLOW TRAVEL MÝVATN.
UPPHÆÐ STYRKS 994.500 KR

Markmið verkefnisins er að nýta sérstöðu Mývatnssveitar, einstaka náttúru menningu og sögu til að byggja upp upplifunar- og menningartengda ferðaþjónustu byggðri á hugmyndafræði Slow Travel. Þessi nálgun er nýjung í Mývatnssveit. Markhópurinn er „Sjálfstæði landkönnuðurinn“ sem kys óhefðbundið frí, að ferðast á umhverfisvænan hátt í fámennum hópi, vill ekta íslenska upplifun, framandi og nýtt, læra um menningu og sögu og dvelur lengi á sama stað. Verkefnið styður uppbyggingu og störf utan háannar.

UMSÆKJANDI: VISTORKA EHF.

VERKEFNI - LEIFUR ARNAR
UPPHÆÐ STYRKS 500.000 KR

Verkefnið Leifur Arnar snýst um að auka vitund á loftslags-, umhverfis- og auðlindaáhrifum matarsóunar og notkun umbúða fyrir tilbúin matvæli - Hvað verður um MATAR-LEIF-ARNAR? Verkefnið er hvatakerfi fyrir veitingahús sem tryggir að veitingastaðir vinni samkvæmt loftslagsþrenninni: 1. Dragi úr matarsóun með Leif Arnar kerfinu - jarðgeranlegar umbúðir fyrir matarleifar og take-away. 2. Skili allri notaðri steikingarolíu í lífdísilgerð (Orkey). 3. Skili öllum lífrænum úrgangi í jarðgerð (Molta).

STYRKHAFAR UPPBYGGINGARSJÓÐS NORÐURLANDS EYSTRA 2022

MENNING



UMSÆKJANDI: AÐALSTEINN ÞÓRSSON

VERKEFNI - SUMARLISTAMENN EINKASAFNSINS 2022 - SÝNINGARRÖÐ
UPPHÆÐ STYRKS 500.000 KR

Sumarið 2022 munu þrír myndlistamenn með sérstaka tengingu við umhverfi og náttúru dvelja, vinna og sýna afrakstur vinnu sinnar í Einkasafninu í Eyjafjarðarsveit. Við köllum þá Sumarlistamenn Einkasafnsins. Hverjum þeirra býðst 10 daga dvöl við einfaldar aðstæður í 15m² rými í skógi vöxnu gildragi, til að vinna verk fyrir 10 daga sýningu, í og við safnið. Síðastliðin tvö sumur hafa fimm landsþekktir myndlistamenn tekið áskoruninni og lokið verkefninu með glæsibrag. Nú á að gera enn betur.

UMSÆKJANDI: ÁKI SEBASTIAN FROSTASON

VERKEFNI - MANNHAF
UPPHÆÐ STYRKS 1.000.000 KR

Verkefnið Mannhaf er samvinnuverkefni milli listamannanna Áka Sebastians Frostasonar og Joel Váli í samstarfi við Bláa herinn. Þeir stefna á að setja upp útilistaverk og listasýningu undir sama þema á Akureyri sumarið 2022. Verkið snýr að því hvernig plast við sjóinn getur orðið að eðlilegum hluta fjörunnar í augum fólks og hvort með því að setja það í annað samhengi megi vekja hughrif og aukna meðvitund almennings á plastmengun í sjó sem raunverulegu og sýnilegu vandamáli í nærumhverfi okkar.

UMSÆKJANDI: AKUREYRARBÆR

VERKEFNI - SKÖPUN UTAN LÍNULEGRAR DAGSKRÁR
UPPHÆÐ STYRKS 660.000 KR

Verkefnið felst í því að bjóða börnum að taka þátt í rafrænni listsmiðju á vegum Listasafnsins á Akureyri. Smíðjan verður tekin upp í safninu og sýnd á netinu, þannig geta börn horft á smíðurnar heima hjá sér og unnið verk sín í samvinnu við sína nánustu. Þeir listamenn sem leiða smíðurnar eiga það sameiginlegt að hafa metnað til að vinna spennandi og áhugaverð verkefni með börnum. Þá er lögð áhersla á að börn fái tækifæri til að sýna afraksturinn á sýningu sem sett verður upp í safninu.

UMSÆKJANDI: ALPÝÐUHÚSIÐ Á SIGLUFIRÐI, FÉLAGASAMTÖK

VERKEFNI - FRJÓ AFMÆLISHÁTIÐ
UPPHÆÐ STYRKS 1.000.000 KR

Frjó afmælishátið verður haldin í tilefni af 10 ára menningarstarfi í Alpýðuhúsinu á Siglufirði með fimm daga listahátíð. Þar mun koma fram sýnishorn af því sem gert hefur verið á undanförunum árum í bland við listviðburði sem ekki hafa áður komið í Alpýðuhúsið. Listahátíðin verður yfirgripsmikil með allt að sex viðburðum á dag á vegum Alpýðuhússins frá flestum listgreinum og síðan verður dagskráin samstillt öðru menningarstarfi sem fram fer í Fjallabyggð á þessum tíma.

UMSÆKJANDI: AMTSBÓKASAFNIÐ Á AKUREYRI

VERKEFNI - MENNSKA BÓKASAFNIÐ
UPPHÆÐ STYRKS 200.000 KR

Í mars 2022 ætlar Amtsbókasafnið á Akureyri að lána út mennskar bækur. Fyrsta mennska bókasafnið opnaði í Danmörku árið 2000 og síðan þá hafa viðburðir á vegum þeirra farið fram í 85 löndum. Á Mennska bókasafninu gefst tækifæri til þess að spjalla í hálf tíma við einstaklinga sem vinna við ólík störf eða standa frammi fyrir framandi áskorunum. Dæmi um bókatitla eru: Lögregluþjónn, ADHD, Trans, Hárskeri, Femínisti, Flóttamaður, Listamaður, Kvæðamaður, Vegan, Bóndi, Múslimi, Miðill og Öryrki.

UMSÆKJANDI: AMTSBÓKASAFNIÐ Á AKUREYRI

VERKEFNI - UNGSKÁLD 2022
UPPHÆÐ STYRKS 1.000.000 KR

Ungskáldaverkefninu er ætlað að veita ungu fólki á aldrinum 16-25 ára á Norðurlandi eystra tækifæri og hvatningu á sviði skapandi skrifa, stækka tengslanet þeirra, auka sýnileika og líkur á atvinnutækifærum í ritlist. Verkefnið stendur fyrir gjaldfrjálsri ritlistasmiðju undir leiðsögn þekktra rithöfunda, skálda, textasmiða og handritshöfunda, ritlistakvöldi, upplestrarviðburðum, hlaðvarpsþáttum og ritlistakeppni með veglegum peningaverðlaunum.

UMSÆKJANDI: ANNA MARÍA RICHARDSDÓTTIR

VERKEFNI - STUTTMYNDIN ÓÐ
UPPHÆÐ STYRKS 700.000 KR

Anna hlaut styrk til að gera handrit og taka upp stuttmyndina Óð sem er sjálfstætt framhald af verkinu VAR. Tíliðs við Önnu eru hljóð- og kvikmyndagerðarmaðurinn Áki Frostason og Auður Ösp Guðmundsdóttir sviðsmynda og búningahönnuður. Handritið og sviðsmyndina vinna þau saman. Þau flétta ólík listform saman og hverfast um náttúruna þar sem hún spilar eitt lykilhlutverkið. Þema myndarinnar er konan á eyðibýlinu versus konan í náttúrunni og samtalið þeirra á milli.

UMSÆKJANDI: BERJADAGAR, FÉLAG UM TÓNLISTARHÁTÍÐ

VERKEFNI - BERJADAGAR TÓNLISTARHÁTÍÐ 2022
UPPHÆÐ STYRKS 700.000 KR

Berjadagar tónlistarhátíð í Ólafsfirði fer fram sem aldrei fyrr dagana 29. júlí, 30. júlí og 31. júlí 2022. Gestum og gangandi gefst kostur á að njóta fagaðra tónleika með frábærum listamönnum frá föstudegi til sunnudags. Smærri og stærri viðburðir eiga að tendra ljóma og gleði í hjörtum þeirra sem sækja hátíðina heim. Tónleikarnir verða í Ólafsfjarðarkirkju og Menningarhúsinu Tjarnarborg. Listrænn stjórnandi er Ólöf Sigursveinsdóttir sellóleikari.

UMSÆKJANDI: BIRGIR INGVARSSON

VERKEFNI - GUNNÓLFSVÍKURFJALLIÐ ER SVO BLÁTT - SAGA AF BARÁTTU FYRIR BYGGÐ
UPPHÆÐ STYRKS 1.000.000 KR

GUNNÓLFSVÍKURFJALLIÐ ER SVO BLÁTT er sýning um síldarævintýrið á Bakkafirði en sú saga er samofin þrotlausri baráttu kynslóðanna við að halda mannlífi og byggð í Bakkafloa. Seigla þessa smáa byggðarlags, þrjóskan og baráttan við að halda landi í byggð er saga sem á erindi til gesta. Meðal athyglisverðra minja er vígtarhús sem stendur við gömlu síldarverksmiðjuna. Unnið er að því að koma þeirri byggingunni í gott horf og skapa þannig skemmtilega umgjörð um sýningu í máli og myndum.

UMSÆKJANDI: BJÖRK NÍELSDÓTTIR

VERKEFNI - ÆVINTÝRI Á AÐVENTUNNI
UPPHÆÐ STYRKS 1.000.000 KR

Ævintýri á aðventunni er gleðilegur frumsaminn farandsöngleikur sem sýndur verður fyrir 6-10 ára nemendur í grunnskólum á Norðurlandi eystra á aðventunni 2022. Þórunn Guðmundsdóttir er handrits- og tónlistarhöfundur, Jenný Lára Arnórsdóttir sér um leikstjórn, Björg Marta Gunnarsdóttir er búningahönnuður og flytjendur eru Jón Þorsteinn Reynisson, Björk Níelsdóttir og Erla Dóra Vogler.

UMSÆKJANDI: DANIELE BASINI

VERKEFNI - ENNIO MORRICONE - IN MEMORIAM

UPPHÆÐ STYRKS 600.000 KR

Daniele Basini, Jón Þorsteinn Reynisson og Steinunn Arnbjörg Stefánsdóttir flytja tónlist kvikmyndatónskáldsins ástsæla Ennio Morricone, í útsetningum Daniele Basini. Tónleikar fara fram í Hofi á Akureyri, og Bergi á Dalvík, þar sem leikin verður tónlist úr m.a. Nuovo Cinema Paradiso, Once upon a time in America, og nokkrum góðum spaghettí-vestrum. Myndskeiðum úr bíómyndum Sergios Leone og Giuseppe Tornatore verður varpað á skjá á meðan tónleikunum stendur.

UMSÆKJANDI: ESPERANZA YULIANA PALACIOS FIGUEROA

VERKEFNI - BOREAL SCREENDANCE FESTIVAL 2022

UPPHÆÐ STYRKS 700.000 KR

Boreal er alþjóðleg hátíð tileinkuð dansmyndum sem haldin er á Akureyri. Fyrsta útgáfa hennar fór fram í nóvember 2020 í Mjólkurbúðinni í Listagilinu. Hátíðin skapar sviðspall til kynningar á vídeódansverkum með markmiðið að skeyta saman inn- og erlendu listafólki, byggja brýr og hvetja til samstarfs. Önnur útgáfa hátíðarinnar fór fram í Ketilhúsi Listasafnsins á Akureyri og Mjólkurbúðinni 29. september - 5. október 2021. Næsta útgáfa Boreal verður haldin fyrstu tvær vikur nóvembermánaðar 2022.

UMSÆKJANDI: FÉLAG ELDRI BORGARA RAUFARHÖFN (FER)

VERKEFNI - VARÐVARSLA OG MIÐLUN ÞEKkingar MILLI KYNSLÓÐA

UPPHÆÐ STYRKS 700.000 KR

Verkefnið miðar að varðveita og miðla þekkingu milli kynslóða, með samstarfi við skólabörn og með því að skrásetja minjar sem eru aðallega ljósmyndir sem safnað hefur verið í gegnum árin. Myndirnar þarf að yfirfara, skanna, merkja, útbúa texta sem og prenta á álplötur og setja upp. Einnig snýr verkefnið að því að útilistaverkið „Drekinn“ fái upplýftingu og verður verkið miðja þessa menningarverka sem mun standa á fyrrum athafnasvæðum síldaráranna.

UMSÆKJANDI: FJALLASALIR SES.

VERKEFNI - LISTVIÐBURÐIR Í PÁLSHÚSI 2022

UPPHÆÐ STYRKS 800.000 KR

Í ár verða þrjár myndlistarsýningar, 7. maí verður opnuð sýning á verkum Unu Margrétar Árnadóttur en hún er ein af áhugaverðari myndlistarmönnum yngri kynslóðarinnar. Þann 25. júní mun Stefán Jónsson opna sýningu í Pálshúsi, en hann er kunnur fyrir afar sérstæða og áhugaverða skúlpúra. Í tengslum við Berjadaga verður opnuð sýning á verkum Guðrúnar Veru Hjartardóttur og Jóns B.K. Ransu, hjónin hafa afar farsælan feril að baki og mikill fengur að fá þau. Síðan er hin árlega jólasýning á sínum stað.

UMSÆKJANDI: FLÓRA MENNINGARHÚS EHF.

VERKEFNI - PASTEL RITRÖÐ

UPPHÆÐ STYRKS 1.000.000 KR

Pastel ritröð er samfélagsverkefni á sviði menningar, sem miðar að því að efla frumsköpun bókverka á Norðurlandi og miðlun þeirra til almennings. Verkefnið skapar vettvang sem liggur á milli sviðslista, tónlistar, myndlistar og ritlistar og endurspeglar þannig verkefnaval og starfssvið æ fleiri skapandi aðila í dag, þvert á listgreinar. Frumgerðir bókverka listamanna í upplagi 100 eintaka hvert verða undirbúnar, prentaðar, verkum og listafólki komið á framfæri með kynningu og viðburðum.

UMSÆKJANDI: FLYGILVINIR-TÓNLISTARFÉLAG VIÐ ÖXARFJÖRÐ

VERKEFNI - FLYGILVINIR SÆKJA Í SIG VEÐRIÐ Á NÝ

UPPHÆÐ STYRKS 450.000 KR

Verkefninu „Flygilvinir sækja í sig veðrið á ný“ er ætlað að höfða til íbúa Öxarfjarðarhéraðs og veita þeim ánægjustundir við tónleikahald á Kópaskeri á vegum Flygilvina-tónlistarfélags við Öxarfjörð. Markmið verkefnisins er að standa fyrir þremur viðburðum, fá framúrskarandi tónlistarfólk til að miðla íbúum Öxarfjarðarhéraðs af list sinni. Íbúarnir geta þannig öðlast innsýn í agnarsmátt brot af þeim töfraheimi tónlistar sem stendur íbúum höfuðborgarsvæðis og stærstu þéttbýliskjarnanna til boða.

UMSÆKJANDI: GUNNSTEINN ÓLAFSSON

VERKEFNI - ÞJÓÐLAGAHÁTÍÐIN Á SIGLUFIRÐI 6.-10. JÚLÍ 2022
UPPHÆÐ STYRKS 800.000 KR

Árlega er haldin þjóðlagahátíð á Siglufirði sem hefur það að markmiði að kynna þjóðlagaarf ólíkra þjóða og þjóðarbrota. Á hátíðinni hefur margskonar tónlist verið kynnt auk þess sem íslensk þjóðlög sitja ætíð í öndvegi. Þjóðlagahátíðin stendur frá miðvikudegi til sunnudags fyrstu heilu vikuna í júlí ár hvert. Auk tónleika er boðið upp á námskeið fyrir börn og fullorðna og þjóðlagaakademía stendur í þrjá daga með fyrirlestrum um íslenskan þjóðlagaarf og tónlist annarra þjóða.

UMSÆKJANDI: HÆLIÐ EHF.

VERKEFNI - SULTUPLÁSTUR - SKÓLAHEIMSÓKN Á HÆLIÐ
UPPHÆÐ STYRKS 950.000 KR

Sultuplástur er heiti á fræðsluheimsóknum á HÆLIÐ fyrir ákveðinn árgang grunnskólanna á Akureyri og nágrenni. Á HÆLINU er búið að setja upp áhrifaríka sýningu um sögu berklanna á Íslandi og nú er um að gera að leyfa sem flestum að upplifa hana og hanna sérstaklega heimsóknir fyrir grunnskólanema. Til að gera heimsóknina eftirminnilega og öðruvísi ætlum við að nýta meðöl leikhússins og bregða okkur í hlutverk þegar við tökum á móti krökkunum.

UMSÆKJANDI: HELENA AÐALSTEINSDÓTTIR

VERKEFNI - LAUMULISTASAMSTEYPAN 2022
UPPHÆÐ STYRKS 600.000 KR

Alþjóðlega gestavinnustofan Laumulistasamsteypan býður listamönnum til Hríseyjar í lok ágúst í sjöunda sinn. 16 listamönnum er boðið að vinna skapandi samvinnuverkefni í 10 daga og fá þau gistingu og vinnuaðstöðu sér að kostnaðarlausu. Hópurinn notar nærumhverfi staðsetningar sinnar í Hrísey sem innblástur fyrir skapandi vinnu og í lok dvalarinnar stendur samsteypan fyrir opnu húsi með uppákomum fyrir íbúa Hríseyjar.

UMSÆKJANDI: HELGA KVAM

VERKEFNI - HULDA - FRAMHALDSUMSÓKN
UPPHÆÐ STYRKS 800.000 KR

Framhald á vinnslu við upptökur og gerð hlaðvarpsþátta um Huldu skáldkonu, byggt á tónlist við ljóð hennar, bréfum, blaðagreinum, ljóðum og frásögnum. Tónlistarkonurnar Helga Kvam og Þórhildur Örvarsdóttir flytja í tali og tónum.

UMSÆKJANDI: HILDUR ÁSA HENRYSDÓTTIR

VERKEFNI - RÖSTIN GESTAVINNUSTOFA
UPPHÆÐ STYRKS 1.000.000 KR

Röstin er tilraunakennd gestavinnustofa fyrir listamenn á Þórshöfn á Langanesi. Gestavinnustofan verður haldin í fimmta sinn í lok júlí 2022. 8-10 Listamönnum úr öllum áttum er boðin þátttaka í hvert sinn, og fá þeir gistingu og vinnuaðstöðu sér að kostnaðarlausu. Röstin er vettvangur fyrir fjölbreyttan hóp listamanna til að njóta andrýmis, vinna að listsköpun sinni, kynnast öðrum listamönnum, samfélaginu á Langanesi, og auðga bæjarlífið með uppákomum fyrir íbúa Langesbyggðar.

UMSÆKJANDI: HÓLMFRÍÐUR KRISTÍN KARLSDÓTTIR

VERKEFNI - Á MEÐAN
UPPHÆÐ STYRKS 500.000 KR

Steinunn Arnbjörg Stefánsdóttir sellóleikari og skáld hefur á síðustu árum unnið að tónflutningi og við tónsmíðar og hefur hún gefið út þó nokkur lög, mörg byggð á hennar eigin textum og ljóðum. Í samvinnu við Fríðu Karlsdóttur munu þær vinna að fjórum vídeóverkum sem byggð verða á fjórum lögum eftir Steinunni. Einnig fá þær til liðs við sig dansara og grafískan hönnuð sem gera verkin að margslungnum listaverkum.

UMSÆKJANDI: INGA MARGRÉT JÓNSDÓTTIR

VERKEFNI - STELPUR FILMA Á LANDSBYGGÐINNI!

UPPHÆÐ STYRKS 800.000 KR

Stelpur filma! er námskeið sem hvetur stelpur og kynsegin ungmenni til að vera virkir þátttakendur í kvikmyndagerð. Megináhersla er lögð á að skapa öruggt rými fyrir stelpur þar sem allar skoðanir og hugmyndir eiga rétt á sér. Með öruggu rými er einnig verið að vísa til þess allra mikilvægasta, þ.e. að ekkert umburðarlyndi líðst af hvers kyns ofbeldi og fordómum, jafnframt er enginn dæmdur út frá frammistöðu, kynvitund, bakgrunni, uppruna, fjárhagslegri stöðu og öðrum breytum.

UMSÆKJANDI: INGUNN STEFANÍA SVAVARSDÓTTIR

VERKEFNI - VERK Í STAÐ VONAR

UPPHÆÐ STYRKS 500.000 KR

Fjórir listamenn frá þremur löndum, vinna innsetningu á vikutíma um umhverfismál í Braggann-Yst á vordögum 2022, hver frá sínu sjónarhorni, 2 karlar og 2 konur. Hver og einn listamaður mun koma með ný umhverfisverk í innsetninguna og verða þau unnin frá janúarlokum til maíbyrjunar. Sýningargestir verða hvattir til að líta í eigin barm, hvað virkni þeirra sjálfra áhrærir í umhverfismálum, en sýningin mun standa frá 15. maí - 1. september 2022.

UMSÆKJANDI: JÓN HAUKESSON

VERKEFNI - MANNFÓLKIÐ BREYTTIST Í SLÍM 2022

UPPHÆÐ STYRKS 500.000 KR

„Mannfólkið breyttist í slím“ er óhagnaðardrifið menningarverkefni í formi tónleikaraðar sem nær hámarki með tónlistarhátíð 22.-23. júlí 2022. Hátíðin hefur verið haldin árlega síðan 2018. Helsta markmið verkefnisins er að skapa hefð fyrir metnaðarfullri tónleikaröð á Norðurlandi skipulagðri af listafólki sumar hvert með sérstaka áherslu á frumsköpun og svæðisbundna menningu.

UMSÆKJANDI: JÓNBJÖRG SIGURDARDÓTTIR

VERKEFNI - SVANGAR RUSLAVERUR

UPPHÆÐ STYRKS 300.000 KR

Svöngu Ruslaverurnar eru skúlptúrar sem settir verða utan um ruslatunnur. Þeir eru gerðir úr þæfðu ullarprjónaefni sem þolir öll veður og munu prýða upphengdar ruslatunnur frá vori til hausts. Börn munu gleðjast við að fá að gefa þeim rusl að borða, þær verða hvatning til að halda bænum hreinum og eru myndefni ferðamanna frá öllum heimshornum. Verkið er unnið að miklu leyti úr endurvinnslu efnum, bæði handprjónuðum og vél prjónuðum.

UMSÆKJANDI: KAKTUS, MENNINGARFÉLAG

VERKEFNI - ÞEMAMÁNUÐIR KAKTUS

UPPHÆÐ STYRKS 500.000 KR

Í þemamánuðum Kaktuss verða ákveðin viðfangsefni og miðlar listamanna tekin fyrir í mánuði/i í senn, til að vekja athygli á hinum margvíslegu og ólíku stefnum listarinnar. Í hverjum mánuði tengir hópurinn þemað við aðra kima samfélagsins til að breikka áhorfendahópinn og renna saman list og lókal á Akureyri. Það er áhugavert þegar mismunandi greinar spegla sig hvor í annari. Kaktus er ekki bara fyrir listamenn að sjá listamenn, heldur tækifæri fyrir alla til að öðlast innblástur og nýja sýn.

UMSÆKJANDI: KÖNNUNARSÖGUSAFNIÐ EHF.

VERKEFNI - LANDKÖNNUNARHÁTÍÐ Á HÚSAVÍK

UPPHÆÐ STYRKS 500.000 KR

Landkönnunarhátíð og verðlaun Leifs Eiríkssonar voru haldin í fyrsta sinn árið 2015 og hafa farið fram árlega síðan. Á hátíðina mæta landkönnuðir, vísindafólk og fjölmiðlar víðs vegar að úr heiminum og er horft bæði til fortíðar og framtíðar. Afrakstur funda og ráðstefna er margþættur, má t.d. nefna að eldflaugaskot hins skoska fyrirtækis Skyrora á Langanesi eru afrakstur af hátíðinni og tengingum sem verða til þar ár hvert.

UMSÆKJANDI: LINK EHF.

VERKEFNI - HEIMILDARMYND UM RISAKÚNA EDDU
UPPHÆÐ STYRKS 600.000 KR

Heimildarmynd um gerð skúlptúrs af risakúnni Eddu í Eyjafjarðarsveit. Fylgst verður með Beate Stormo við vinnu sína ásamt fleirum sem að verkinu koma. Samhliða smíðinni verður fjallað um hvaða merkingu kýrin hefur fyrir samfélagið í Eyjafjarðarsveit með viðtölum við bæði bændur og fræðimenn. Mætti segja að heimildarmyndin verði bæði fróðleg hvað varðar listrænt handbragð á heimsælikvarða og um leið óður til kunnar sem húsdýrs og hvaða merkingu hún hefur fyrir samfélagið.

UMSÆKJANDI: MENNINGARFÉLAG AKUREYRAR SES.

VERKEFNI - UPPTAKTURINN, TÓNSKÖPUNARVERÐLAUNUM BARNA OG UNGMENNA
UPPHÆÐ STYRKS 2.553.000 KR

Upptakturinn, Tónsköpunarverðlaun barna og ungmenna, er samstarfsverkefni Menningarhússins Hofs og Upptaktsins í Reykjavík. Með Upptaktinum er ungu fólki á Norðurlandi gefið tækifæri til að senda inn tónsmíð eða drög að henni og vinna markvisst úr hugmyndum sínum með fulltingi listamanna. Dórnafnd skipuð fagfólki velur verk til þátttöku úr innsendum umsóknum. Glæný tónverk ungu tónskáldanna eru flutt af atvinnuhljóðfæraleikurum á tónleikum, sem opnir eru öllum, og tónverkin hljóðrituð.

UMSÆKJANDI: MIÐGARÐAKIRKJA

VERKEFNI - KIRKJAN SEM VAR
UPPHÆÐ STYRKS 1.000.000 KR

Mikill harmur var kveðinn að Grímseyingum og í raun þjóðinni allri þegar Miðgarðakirkja brann til kaldra kola 21. september 2021. Nú er stefnt að því að byggja nýja kirkju í Grímsey árið 2022. Verkefnið „Kirkjan sem var“ er ætlað að styrkja menningarsögu eyjunnar og fjölga áfangastöðum ferðamanna og gesta í Grímsey. Það verður gert með því að setja upp minningarsýningu um kirkjuna sem brann í anddyri nýju kirkjunnar og reisa söguskilti um kristnihald og trúarlíf í eyjunni frá öndverðu á lóðinni.

UMSÆKJANDI: MINJASAFNIÐ Á AKUREYRI

VERKEFNI - SKÁLDASTUNDIR Í DAVÍÐSHÚSI - LITLA LJÓÐAHÁTÍÐIN
UPPHÆÐ STYRKS 700.000 KR

Í Davíðshúsi, heimili skáldsins frá Fagraskógi, verður boðið upp á vettvang fyrir bókmenntaviðburði. Höfundar af svæðinu í bland við landsþekktu listamenn á sviði ljóðlistar, bókmennta og leiklistar er boðið að heimsækja Davíðshús, flytja eigið efni og segja frá hvernig þeirra sköpun fer fram. Sérstaklega verður leitast við að bjóða ungum skáldum á Norðausturlandi að stíga fram til að kynna sig og verk sín. Viðburðaröðinni lýkur með Litlu ljóðahátíðinni í október.

UMSÆKJANDI: MINJASAFNIÐ Á AKUREYRI

VERKEFNI - LEIKFÖNG, LJÓÐ, LJÓSMYNDIR OG TÓNAR, AFMÆLISSMIÐJUR
UPPHÆÐ STYRKS 900.000 KR

Minjasafnið á Akureyri fagnar 60 ára afmæli árið 2022. Af því tilefni verður boðið upp á smíðjur af ýmsum toga fyrir ungt fólk á aldrinum 6-21 árs. Smíðurnar endurspeglar fjölbreytt starf Minjasafnsins og tengdra safna á afmælisárinu. Í þeim er fengist við tónlist, leikfangagerð, leiki, ljóðagerð og ljósmyndir.

UMSÆKJANDI: MÚSÍK Í MÝVATNSSVEIT, FÉLAG

VERKEFNI - MÚSÍK Í MÝVATNSSVEIT 2022
UPPHÆÐ STYRKS 400.000 KR

„Músík í Mývatnssveit“ er árleg tónlistarhátíð haldin á páskum. Fyrsta hátíðin var haldin 1998 og hefur starfið verið óslitið síðan. „Músík í Mývatnssveit“ hefur þá sérstöðu að vera eina klassíska tónlistarhátíðin sem haldin er utan höfuðborgarsvæðisins að vetrarlagi. Tónleikar eru ætíð tvennir með mismunandi efnisskrám, kammertónleikar í félagsheimilinu Skjólbrekku á skírdag og kirkjutónleikar með hátíðaryfirbragði á föstudaginn langa í Reykjahlíðarkirkju.

UMSÆKJANDI: PETREA ÓSKARSDÓTTIR

VERKEFNI - WINDWORKS TÓNLISTARHÁTIÐ
UPPHÆÐ STYRKS 1.000.000 KR

Sótt er um styrk til að standa fyrir tónlistarhátíð „WindWorks helguð blásturshljóðfærum. Boðið verður upp á 18 tónleika ágúst- september og verða tónleikastaðirnir Nonnahús, Minjasafnið, Lystagarðurinn, Flugsafni Íslands á Akureyri; Byggðasafnið Hvoll á Dalvík; Pálshús - Náttúrugripasafnið, Ólafsfjörður; Safnahús og Hvalasafnið á Húsavík.

UMSÆKJANDI: HOLLVINASAMTÖK GRUNNSKÓLANS Á KÓPASKERI

VERKEFNI - TÍMAHYLKIÐ ROFIÐ - GRUNNSKÓLINN Á KÓPASKERI
UPPHÆÐ STYRKS 1.000.000 KR

Grunnskólinn á Kópaskeri var tilraunaskóli og kennsluhættir og viðfangsefni voru afar frábrugðnir því sem almennt tíðkaðist á níunda áratug síðustu aldar. Styrkur frá Uppbyggingarsjóði Norðurlands eystra gerir Hollvinasamtökum Grunnskólans á Kópaskeri fært að stíga fyrstu skrefin í átt að heimildarmynd um einstakt skólastarf og heila kynslóð barna í leik og starfi á Kópaskeri.

UMSÆKJANDI: SESSELÍA ÓLAFSDÓTTIR

VERKEFNI - MÓÐIR, KONA, MEYJA
UPPHÆÐ STYRKS 800.000 KR

Móðir, kona, meyja er verk sem fjallar um kvenleika og konur í nútíma og fortíð. Verkið mun á einlægan og húmorískan hátt fjalla um allt frá staðalímyndum, háðvísun og hárgreiðslum til #metoo, andlegra áfalla og ofbeldis sem konur hafa orðið fyrir í gegnum tíðina. Rauður þráður verksins verður speglun á sögum skáldkvenna fyrri tíma og kvenna í dag og það sem tengir nútíð og fortíð saman eru ný lög, samin bæði við valin ljóð þessara kvenna og frumsamin ljóð.

UMSÆKJANDI: UMSKIPTINGAR EHF.

VERKEFNI - Í MYRKRI ERU ALLIR KETTIR GRÁIR - FERÐALAG UM NORÐURLAND
UPPHÆÐ STYRKS 300.000 KR

„Í myrkri eru allir kettir gráir“ er þriðja sýningin sem Umskiptingar setja á svið, en eins og önnur verk þeirra er það frumsamið. Verkið er samsett úr tveimur einleikjum og var frumsýnt í september 2021 og hlaut mikið lof áhorfenda. Sýningin hentar vel til ferðalaga og er stefnan tekin á að sýna hana vítt og breitt um Norðurland eystra vorið 2022.

UMSÆKJANDI: UMSKIPTINGAR EHF.

VERKEFNI - LÁTRA-BJÖRG, KRAFTASKÁLDIÐ KLOFLANGA
UPPHÆÐ STYRKS 1.000.000 KR

Látra-Björg, kraftaskáldið kloflanga, er karnivalískur kabarett um ótrúlega ævi og örlög kraftaskáldkonunnar Látra-Bjargar. Líf hennar var ævintýrlegt en þar sem hún var kona þá hefur ekki verið haldið jafn vel utan um verk hennar og lífshlaup eins og karlkyns samferðamanna hennar. Leikritið er hugsað til að kynna fólki betur þessa mögnuðu konu sem fylgdi ekki samfélagslegum gildum síns tíma og var með nefið fyrir neðan munninn.

UMSÆKJANDI: ÚTGERÐARMINJASAFNIÐ Á GRENIVÍK SES

VERKEFNI - SJÓBÚÐ FYRIR HERMANN
UPPHÆÐ STYRKS 750.000 KR

Báturinn Hermann TH 34 sem fagnar á næsta ári 100 ára afmæli sínu, hefur nú verið gerður upp og komið í sýningarhæft ástand. Hann var smíðaður í skúrnum sem hýsir Útgerðarminjasafnið á Grenivík þegar skúrin var nýbyggður. Þeir mega því teljast nánast jafngamlir, þó báðir hafi fengi viðbætur og endurbætur að einhverju leyti á lífsleiðinni. Hermann er nauðsyn á heimili sem ver hann fyrir veðri og vindum, því skal reisa sjóbúð í gömlum stíl sem hýsi hann.

UMSÆKJANDI: VILHJÁLMUR BERGMANN BRAGASON**VERKEFNI - SAMSPIL - FRÁ NYRSTU STRÖNDUM****UPPHÆÐ STYRKS 750.000 KR**

„SAMSPIL – frá nyrstu ströndum“ er fjölbreytt menningarhátíð þar sem gestum gefst kostur á að njóta skemmtunar, fróðleiks og útiveru. Dagskráin er til heiðurs skáldum (Kristján frá Dúpalæk, Örn Arnarson) og öðrum listamönnum frá Langanesströnd og tekur mið af nokkrum af meginþráðum í listsköpun og menningararfi svæðisins. Þannig þræða þrjú þemu saman dagskrárliði hátíðarinnar: 1) Samspil náttúru og lista, 2) Samspil bernskuslóða og staðarvitundar í listum, 3) Samspil dægurmenningar og samfélags.

UMSÆKJANDI: VILHJÁLMUR BERGMANN BRAGASON**VERKEFNI - DAUÐANS ALVARA****UPPHÆÐ STYRKS 800.000 KR**

Dauðans alvara er farsakenndur gamanleikur með tónlist um hið óumflýjanlega hlutskipti okkar allra að deyja! Eftir að hafa tekist á við fullorðinsárin í gamanleiknum Fullorðin ætla höfundar þess verks nú að leggja til atögu við sjálfan dauðann!

STYRKHAFAR ÚR UPPBYGGINGARSJÓÐI NORÐURLANDS EYSTRA 2022

STOFN- OG REKSTRARSTYRKIR**UMSÆKJANDI: ALÞÝÐUHÚSIÐ Á SIGLUFIRÐI, FÉLAGASAMTÖK****VERKEFNI - MENNINGARSTARF Í ALÞÝÐUHÚSINU Á SIGLUFIRÐI****UPPHÆÐ STYRKS 1.500.000 KR**

Markmið Alþýðuhússins er að auðvelda nærumhverfinu aðgang að listum og menningu um leið og það skapar leikvöll fyrir listamenn að framkalla sína list. Að efla tengsl listamanna bæði í heimabyggð og víðar, þannig að skapast geti samstarf sem vex útfyrir veggj Alþýðuhússins. Alþýðuhúsið setur upp metnaðarfulla dagskrá á árs grundvelli þar sem ríkir heimilislegur blær og ávallt leitað til skapandi heimamanna til samstarfs, hvort sem er til listsköpunar eða aðstoð við listviðburði. Dagská Alþýðuhússins árið 2022 samanstendur af 10 myndlistasýningum í Kompunni, 9 erindum á Sunnudagskaffi með skapandi fólki, 3 stórum listahátíðum og smiðjum, fyrirlestur, sirkussýningu, tónleikum, bókakynningu, ljóðadagskrá og listasmiðju fyrir börn.

UMSÆKJANDI: FÉLAG UM LJÓÐASETUR ÍSLANDS

VERKEFNI - REKSTUR LJÓÐASETURS ÍSLANDS

UPPHÆÐ STYRKS 1.000.000 KR

Markmið Ljóðaseturs Íslands er að kynna íslenska ljóðlist með lifandi hætti og að gera komandi kynslóðir meðvitaðar um mikilvægi ljóðlistar í menningu okkar og sögu. Ljóðasetrið er opið yfir sumartímann, á öðrum tímum árs er tekið á móti hópum með fræðslu, ljóðalestri, söng og kveðskap. Jafnframt eru haldnir stakir viðburðir.

UMSÆKJANDI: FLÓRA MENNINGARHÚS EHF.

VERKEFNI - MENNINGARHÚS Í SIGURHÆÐUM

UPPHÆÐ STYRKS 800.000 KR

Menningarhús í Sigurhæðum leggur áherslu á daglegt líf og störf listamanna og frumgneista í hugsun samfélagsþróunar. Með opnun staðarins og kynningu á honum fyrir almenningi, með gerð sögutengdra innsetninga og viðburða er skapaður vettvangur þar sem ólíkar listgreinar koma saman um leið og fyrirmyndir eru dregnar fram fyrir yngra fólk að líta til. Frumábúendur Sigurhæða, hjónin Guðrún og Matthías Jochumsson og þeirra fólk, gefa möguleika á fjölbreyttri sýn inni aðstæður og líf listamanna.

UMSÆKJANDI: FRÆDAFÉLAG UM FORYSTUFÉ

VERKEFNI - FRÆÐASETUR UM FORYSTUFÉ

UPPHÆÐ STYRKS 750.000 KR

Forystufé er einstakur stofn á heimsvísu, það er aðeins til á Íslandi. Fræðasetur um forystufé veitir upplýsingar, heldur úti sýningu um það og er verndari þess. Eitt af verkefnum er að stuðla að rannsóknum og verkefnum tengdum þessu einstaka fé.

UMSÆKJANDI: GUNNSTEINN ÓLAFSSON

VERKEFNI - REKSTUR ÞJÓÐLAGASETURS Á SIGLUFIRÐI 2022

UPPHÆÐ STYRKS 1.000.00 KR

Í Þjóðlagasetri sr. Bjarna Þorsteinssonar má fræðast um margvísleg afbrigði íslenskra þjóðlaga, svo sem kvæðalög, sálma, druslur, barnagælur og þulur auk almennra þjóðlaga. Þar má einnig sjá forn hljóðfæri á borð við langspil og íslenska fiðlu og sérstök hljóðfæri eru ætluð gestum til að prófa. Starfsmaður seturs syngur einnig þjóðlög fyrir gesti.

UMSÆKJANDI: HEIMSENDI - MENNINGARFÉLAG ÓSKARSSTÖÐ

VERKEFNI - ÓSKARSBRAGGI - STAÐARPRÝÐI - LISTAMIÐSÖÐ

UPPHÆÐ STYRKS 1.000.000 KR

Markmið þessa verkefnis er að bjarga sögulega mikilvægu húsi, síldarverbúðinni Óskarsstöð á Raufarhöfn, húsi Óskars Halldórssonar- "Íslands-Bersa", gera það að staðarprýði og fá því nýtt einstakt hlutverk og verðugan tilgang. Gera húsið að aðráttarafli fyrir staðinn sem listamiðstöð með gestavinnustofu á alþjóðavísu, með aðstöðu til fjölbreyttra námskeiða, viburða og sýningahalds. Koma skilaboðum vísindanna á framfæri við almennig kveikja vekja og rækta samtalið um tengsl manns og náttúru.

UMSÆKJANDI: KÖNNUNARSÖGUSAFNIÐ EHF.

VERKEFNI - EUROVISION SAFN Á HÚSAVÍK

UPPHÆÐ STYRKS 1.000.000 KR

Útgáfa Eurovision myndar Netflix færði Húsavík og Norðurlandi einstakt tækifæri til viðspyrnu á erfiðum tíma, sem er nú orðin lykilstoð í endurreisn ferðaþjónustu á Húsavík í kjölfar Covid. Eurovision safninu og viðburðum tengdu því er ætlað að svara þeim áhuga sem Eurovision samfélagið sýnir Húsavík nú og að ýta undir vilja fólks úr því fjölmenna samfélagi til að heimsækja svæðið næstu ár. Uppbyggingu Eurovision safnsins er jafnframt ætlað að skapa menningartengda atvinnustafsemi í ferðaþjónustu.

UMSÆKJANDI: LANGANESBYGGÐ

VERKEFNI - RÖSTIN - MENNINGARSTARF Í BEITUSKÚRUNUM
UPPHÆÐ STYRKS 1.000.000 KR

Röstin Gestavinnustofa og Langanesbyggð vinna saman að því að gera upp gömlu beituskúrana á Þórshöfn og gefa þeim nýtt hlutverk sem menningarmiðstöð, en húsið er eitt af þeim elstu í þorpinu. Markmið verkefnisins er að skapa í húsinu samkomustað fyrir heimafolk, afdrep fyrir aðkomandi listafolk, og forsendur fyrir öðruvísi ferðamennsku á staðnum. Í húsinu verður viðburðarrými til sýninga- og tónleikahalds, sem og vinnuaðstaða og vistarverur fyrir gestalistamenn.

UMSÆKJANDI: SAMGÖNGUMINJASAFNIÐ YSTAFELLI

VERKEFNI - SAMGÖNGUMINJASAFNIÐ YSTAFELLI
UPPHÆÐ STYRKS 1.000.000 KR

Samgönguminjasafnið Ystafelli er elsta bílasafn Íslands og hefur að skarta einu stærsta safni bifreiða á landinu. Þar er einnig að finna margar gerðir af öðrum farartækjum og líka er hægt að finna mikið af gömlum munum sem tengjast samgöngusögunni og endurspeglar tíðaranda samfélagsins sem tækjakosturinn á rætur sínar í og lýsa vel lífinu í landinu á liðinni öld.

UMSÆKJANDI: SKJÁLFTAFÉLAGIÐ-FÉLAG ÁHUGAFÓLKS UM JARÐSKJÁLFTASETUR Á KÓPASKERI

VERKEFNI - SKJÁLFTASETRIÐ Á KÓPASKERI
UPPHÆÐ STYRKS 1.000.000 KR

Unnið er að uppfærslu og endurgerð á sýningu Skjálftafélagsins í Skólahúsinu á Kópaskeri. Unnið er samkvæmt nýstárlegri hönnun fyrirtækisins Gagarín sem kláruð var á árinu. Fyrir utan skjálftann 1976 verða jarðfræði og náttúra svæðisins áhersluatriði og í samstarfi við Náttúruminjastofnun Íslands eru rannsóknir á merkilegu steinasafni Guðmundar Benediktssonar hluti af verkefninu. Verkefninu vindur fram eftir þeim fjármunum sem fást á hverju ári.

UMSÆKJANDI: VERKSMÍÐJAN Á HJALTEYRI

VERKEFNI - VERKSMÍÐJAN Á HJALTEYRI - SÝNINGA & VIÐBURÐADAGSKRÁ 2022
UPPHÆÐ STYRKS 2.000.000 KR

Verksmiðjan stendur fyrir lifandi listastarfsemi með þá sérstöðu að vera hvort tveggja í senn verkefnarými þar sem að listin verður til, og um leið áhugaverður sýningarstaður. Hún gerir listafólki kleift að bæði framleiða og sýna verk í skapandi rými um leið og hún færir líf í einstaka byggingu. Listin er flutt úr stað af hinum hefðbundna sýningarstað, út í náttúruna og inn í óvenjulegt hús. Það má segja að þarna renni saman: listin, öðruvísi arkitektúr, saga, samfélag og fallegt umhverfi.

SÓKN ER BESTA VÖRNIN

Ef að Covid faraldurinn og reyndar nýafstaðið Evrópumót í handbolta hefur kennt okkur eitthvað, þá er það kannski ekki síst það að sókn er oftar en ekki besta vörnin - og uppgjöf er einfaldlega ekki valmöguleiki. Það er því sérstaklega ánægjulegt í ár að sjá allar þær metnaðarfullu umsóknir sem bárust í Uppbyggingarsjóð Norðurlands eystra og hversu margar umsóknir eiga mikinn samhljóm með Sóknaráætlun landshlutans. Þrátt fyrir allt er nefnilega full ástæða til bjartsýni fyrir hönd okkar landshluta.

Það er hins vegar vert að nefna að það er alls ekki sjálfgefið að fjármagn fáiast í gegnum þennan farveg, þar sem heimafólk fær sjálft að ákveða sína áætlun til sóknar og fjármuni til að fylgja eftir þeirri áætlun. Undanfarin ár hefur fjármagn í þennan farveg verið skorið niður, en útlit er fyrir að breytingar verði þar á, sem er gleðiefni. Ég vil því nýta tækifærið og hrósa sérstaklega þeim tveimur ráðuneytum fyrir þeirra aðkomu, samstarf og fjármögnun, annarsvegar Innviðaráðuneytinu og hins vegar Ferðamála-, viðskipta og menningarmálaráðuneytinu. Með því að þessi tvö ráðuneyti ásamt sveitarfélögum á starfssvæði SSNE setji fjármuni í farveg Uppbyggingarsjóðs, er heimafólki með lýðræðislegum og faglegum hætti treyst til mikilvægrar ákvarðanatöku um ráðstöfun á opinberu fé og það er okkur verðmætt.

Áherslur sóknaráætlunar í okkar landshluta hafa um nokkurt skeið verið annars vegar á atvinnu og nýsköpun og hins vegar menningarmál. Við gerð síðustu sóknaráætlunar var það eindreginn vilji innan landshlutans að bæta umhverfismálum við sem einni af megin stoðum okkar. Innan SSNE hefur ítrekað verið rætt um hvort að fleiri ráðuneyti vilji ekki leggja til fjármagn í sóknaráætlanir landshlutanna og auka samstarf milli landshlutasamtakanna og viðeigandi ráðuneyta. Í ljósi áherslu landshlutans og þá ekki síður þann stóra sess sem loftslagsmál skipa í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar, væri sérstaklega vert fyrir nýtt Umhverfis-, orku-, og loftslagsráðuneyti að horfa til þeirra tækifæra sem slíkt samstarf myndi fela í sér. Ég og framkvæmdastjóri SSNE höfum sent nýjum ráðherra málaflöksins áskorun þess efnis og bindum við vonir við að fá jákvæðar undirtektir.

Að lokum vil ég nýta tækifærið hér í dag til að benda á fjölbreytt starf SSNE, heilmiklar upplýsingar má finna á heimasíðu félagsins, á samfélagsmiðlum og í mánaðarlegu fréttabréfi sem gefið er út. Sérstök áhersla er lögð á upplýsingar, leiðsögn og stuðning vegna ýmissa þátta sem tengjast Sóknaráætlun Norðurlands eystra og sérstaklega vert að nefna stuðning vegna umsókna í aðra sjóði, enda viljum við mjög gjarnan auka hlutdeild þess fjármagns sem fæst inn á svæðið og styður við sókn landshlutans.

Ég vil þakka öllum sem komu að þessari úthlutun og óska sérstaklega öllum styrkþegum innilega til hamingju með úthlutunina, við bindum miklar vonir við að þær 75 milljónir króna sem úthlutað er, nýtist okkar landshluta til sóknar og uppbyggingar.

HILDA JANA GÍSLADÓTTIR,
Formaður stjórnar SSNE



UPPBYGGINGARSJÓÐUR NORÐURLANDS EYSTRA 2022



SÓKNARÁÆTLUN
NORÐURLANDS EYSTRA



SSNE

Samtök sveitarfélaga & atvinnuþróunar
á Norðurlandi eystra